



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 128/191
komudagur 20. 11. 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19.11.2002


Alpýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þings-
ályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks, 10. mál

Alpýðusambandið tekur undir þær meginhugmyndir tillögunnar að
æskilegt sé að leita leiða til að afnema eða lækka verulega
tekjuskatta lágtekjufólks og lífeyrisþega sem hafa tekjur undir
lágmarkslaunum.

Í þessu samhengi vill Alpýðusambandið þó benda á hugmyndir
sambandsins um upptöku fjölþrepaskattkerfis sem hefði það
markmið að draga úr skattbyrgði þeirra sem lægstar hafa tekjurnar.

Í samráði við fulltrúa Alpýðusambands Íslands og Samtaka
Atvinnulífsins skipaði fjármálaráðherra þann 3. ágúst 2001, nefnd til
þess að kanna kosti og galla þess að taka upp fjölþrepaskattkerfi
hjá einstaklingum. Stefnt að því að nefndin skili niðurstöðum sínum
innan tíðar. Í ljósi þess telur Alpýðusambandið ótímabært að skipa
nýja nefnd sem hefði það að verkefni að kanna hvaða leiðir eru færar til
að afnema eða lækka verulega tekjuskatt lágtekjufólks og lífeyrisþega sem
hafa tekjur undir lágmarkslaunum.

f.h. Alpýðusambands Íslands


Grétar Þorsteinsson, forseti



Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 18. nóvember 2002
SP/hó

Efni: Tillaga til þingsályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks
Tilv:2002110008

Vísað er í bréf efnahags- og viðskiptanefndar dags. 4. nóvember sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Bændasamtök Íslands taka undir nauðsyn þess að létta sköttum af tekjulægsta fólkinu. Væntanlega eru þessi mál á borði samstarfsnefndar stjórnvalda og eldri borgara, hvað lífeyrisþega varðar, en það er eðlilegt að skoða tekjuskatta lágtekjufólks í heild og leita leiða til að létta þeim af, án þess að slík aðgerð gangi upp allan launastigann með tilheyrandi tekjutapi ríkissjóðs.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands,



Sigurður Þorgeirsson



FÉLAG
ELDRI
BORGARA

Alþingi
Erindi nr. **P** 128/367
komudagur 2.12.2002


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2002.

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um skattfrelsi lágtækjufólks. 10. mál.

Stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni hefur sýnt fram á að hlutfallsleg aukning skatta á undanförunum árum er meiri fyrir lægri tekjur en hærri. Stjórnin fagnar því þessari tillögu og vonar að hún fái jákvæða afgreiðslu á Alþingi.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Félags eldri borgara
í Reykjavík og nágrenni


Stefanna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 128/84
komudagur 18.11.2002

Akureyri 13. nóv. 2002

Félagi eldri borgara á Akureyri, var send þingsályktunartillaga til umsagnar um skattfrelsi lágtekjufólks, þingskj. 10 –10. mál.

Sendandi er efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.


Tillagan er svohljóðandi:

“Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd sem hafi það verkefni að kanna hvaða leiðir eru færar til að afnema eða lækka verulega tekjuskatt lágtekjufólks og lífeyrisþega sem hafa tekjur undir lágmarkslaunum. Í því sambandi verði m.a. skoðaðir möguleikar á endurgreiðslu skattsins eða sérstökum frádrætti frá tekjum. Í nefndinni verði m.a. fulltrúar aðila vinnumarkaðarins og samtaka aldraðra og öryrkja. Niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi á haustþingi 2003.”


Félagið fagnar framkominni þingsályktunartillögu og væntir þess að hún fái brautargengi á Alþingi.

Virðingarfyllst.


F.h. Félags eldri borgara á Akureyri




Anna Guðrún Jónsdóttir, varaformaður



Arnþór Björnsson, gjaldkeri



Sigurður Vósefsson, ritari



Ingigerður Einarsdóttir, meðstjórnandi



Knútur Otterstedt, 1. varamaður stjórnar

Alþingi
Erindi nr. P 128/38
komudagur 11.11.2002

Keflavík, 06.11.02.

Til: Efnahags- og viðskiptanefndar
Alþingis. C/o Hildur Njarðvík (rit.)

Á fundi stjórnar og varastjórnar Félags eldri borgara á Suðurnesjum, (F.E.B. á Suðurnesjum), sem haldinn var í dag 06.11.02. var rætt og afgreitt erindi frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, undirritað, Hildur Njarðvík, ritari.

Óskað var umsagnar félagsins um: Tillögu til þingsályktunar, um skattfrelsi lúgtækjufólks, á þingskjali 10-10. máli.
Flm: Jóhanna Sigurðardóttir, Óssur Skarphéðinsson, Kristján L. Möller.

Stjórn og varastjórn F.E.B. á Suðurnesjum malir eindregið með samþykkt tillögunnar.

F.h. stjórnar og varastjórnar
F.E.B. á Suðurnesjum,

Hilmar Jónsson form.

Halldór Sigurbergsson varaform.

Jón P. Gunnarsson gjaldkeri.

Alþingi
Erindi nr. P 128/42
komudagur 11.11.2002

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK.

Álftanesi 11. nóvember 2002.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks, 10. mál.


Tillagan var tekin fyrir á stjórnarfundum Félags eldri borgara Álftanesi þann 7. nóvember.

Eftirfarandi var samþykkt einróma:

Farið yfir þingsályktunartillögu og sjáum ekki ástæðu til athugasemda. Teljum hana af hinu góða.

Vonum að hún fái fljóta og góða afgreiðslu.

Fyrir hönd stjórnar FEBÁ.


Stefán Vilhelmsson
Vesturtúni 27B
225 BES.

sifsv@binet.is

Alþingi
Erindi nr. P 128/192
komudagur 20.11.2002

Félag eldri borgara í Garðabæ,
Kirkjuhvoli,
210 Garðabæ.

Garðabæ 20. nóvember 2002.

Efnahags - og viðskiptanefnd Alþingis,
Alþingi,
101 Reykjavík.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks. Þskj. 10 - 10. mál.


Stjórn Félags eldri borgara í Garðabæ - FEBG - hefur fjallað um framangreinda þingsályktunartillögu. Stjórnin fagnar flutningi tillögunnar og treystir á jákvæða afgreiðslu háttvirtrar nefndar á tillögunni og þverpólískrar samstöðu og skjótrar afgreiðslu málsins á hinu háa Alþingi og heitir jafnframt á hæstvirtan fjármálaráðherra að fylgja málinu fast eftir með skipan nefndar samkvæmt efni tillögunnar þar sem m.a. væri einn fræðimaður, t.d. Stefán Ólafsson, prófessor.

Stjórn FEBG leggur, í samræmi við fyrri fundasamþykktir félagsins, höfuðáherslu á eftirfarandi atriði:

1. Að leiðrétt verði það misvægi sem orðið hefur á tímabilinu frá 1991 til þessa dags milli þróunar grunnlífeyris almannatrygginganna annars vegar og launaþróunar dagvinnulauna verkamanna á höfuðborgarsvæðinu hins vegar, og að eftir þá leiðréttingu verði samanlagður grunnlífeyrir og tekjutrygging hið sama og aldrei lægra hlutfall af dagvinnulaunum verkamanna en 1991 og breytist í samræmi við launavísitölu.
2. Að frítekjumörk almannatrygginga og skattleysismörk verði lätin fylgja almennri launaþróun.
3. Að til framtíðar verði stefnt að þeim breytingum á velferðarkerfinu, sem feli í sér eðlilegan jöfnuð án þess að kasta fyrir róða hagkvæmnissjónarmiðum og nauðsynlegri skilvirkni. Núverandi kerfi er of flókið og endurbætur, sem gerðar hafa verið á því, taka of mikið mið af skammtímalausnum. Horft til framtíðar leggjum við til að viðmiðin, í þessu stóra máli, verði niðurstöður rannsókna Joakims Palme, samanber erindi hans á ráðstefnu ASÍ þ. 28.mars 2001-Um framtíð velferðakerfisins.
4. Að þar til markmiðum samkvæmt lið 3. hér að framan hefur verið náð, sé óhjákvæmilegt að taka til tafarlausrar endurskoðunar og leiðréttingar tekjutryggingarbætur til handa þeim hópi aldraðra, sem við lökust kjör búa, sakir takmarkaðra eða engra greiðslna úr lífeyrissjóðum eða annarra tekna.

Stjórn FEBG óskar háttvirtri Efnahags - og viðskiptanefnd Alþingis heilla og farsælda í störfum sínum og ítrekar traustyfirlýsingu um skjóta og jákvæða afgreiðslu þingsályktunartillögunnar með framangreind sjónarmið FEBG í huga.

Virðingarfyllst,
í stjórn Félags eldri borgara í Garðabæ:


Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, varaformaður,


Paul Jóhannsson, ritari.

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/37
komudagur 11.11.2002

**Félag eldri borgara í Kópavogi,
Gullsmára 9,
201 Kópavogur.**

Kópavogi, 8.nóv. 2002.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Félag eldri borgara í Kópavogi hefur meðtekið bréf nefndarinnar þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunatilögu um skattfrelsi lágtekjufólks.

Stjórn félagsins fjallaði um málið á fundi sínum miðvikudag 6. nóv. og mælir eindregið með því að þessi tillaga til þingsályktunar verði samþykkt.

Jafnframt þakkar félagið það traust sem því er sýnt með því að leita álits þess.

Virðingarfyllt,
f.h. Félags eldri borgara í Kópavogi,

Karl Gústaf Ásgrímsson,
formaður.

Alþingi
Erindi nr. P 128/43
komudagur 11.11.2002

**Félag eldri borgara í Kópavogi,
Gullsmára 9,
201 Kópavogur.**

Kópavogi, 8.nóv. 2002.


Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Félag eldri borgara í Kópavogi hefur meðtekið bréf nefndarinnar þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunartilögu um skattfrelsi lágtekjufólks.

Stjórn félagsins fjallaði um málið á fundi sínum miðvikudag 6. nóv. og mælir eindregið með því að þessi tillaga til þingsályktunar verði samþykkt.

Jafnframt þakkar félagið það traust sem því er sýnt með því að leita álitis þess.

Virðingarfyllt,
f.h. Félags eldri borgara í Kópavogi,


Karl Gústaf Ásgrímsson,
formaður.



Grænumörk 5 800 Selfossi, Sími: 482-3461 Fax: 482-3468

Alþingi

Erindi nr. P 128/67
komudagur 15.11.2002

Selfossi 13. nóv. 2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
150 Reykjavík

Efni: Skattfrelsi lágtekjufólks og lífeyrisþega.

Stjórn og kjaranefnd Félags eldri borgara, Selfossi tekur heilshugar undir þær hugmyndir sem skilgreindar eru með tillögu til þingsályktunar, er fjallar um **skattfrelsi lágtekjufólks og lífeyrisþega**, á þingskjali 10 - 10. mál á 128. löggjafarþingi Alþingis 2002-2003.

F.h.

Félags eldri borgara, Selfossi


Hjörtur Þorarinsson
formaður

FEBV


Félag eldri borgara í Vestmannaeyjum; kt. 670296-2029
Sími 481-2246. GSM 865-9321 Netfang: jkjartan@mi.is

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Bréf nefndarinnar dags. 4. nóvember sl.; þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks, var tekið til umfjöllunar á fundi stjórnar Félags eldri borgara í Vestmannaeyjum í dag 19. nóvember 2002 og var samþykkt eftirfarandi tillaga:

Stjórn Félags eldri borgara í Vestmannaeyjum fagnar framkominni tillögu þeirra þremmeninga, sem löngu tímabærri og vonar að hið háa Alþingi beri gæfu til að samþykkja hana.

Vestmannaeyjum 19. nóvember 2002,
f.h. Félags eldri borgara í Vestmannaeyjum,


Jón Kjartansson
formaður.

Alþingi
Erindi nr. P 128/238
komudagur 21.11.2002



Félagsþjónusta
Kópavogs


Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

21.11.2002.

Varðar tillögu til þingsályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks.

Þingsályktunartillagan er um margt athyglisverð, en snertir um leið afar flókinn vettvang þar sem erfitt er að hafa yfirsýn. Út frá aðstoð Félagsþjónustunnar má sjá að þeim fjölgar stöðugt sem þurfa á aðstoð sveitarfélagsins að halda sér til framfærslu. Stefnir nú í að þessi aðstoð verði 50% meiri en á sl. ári. Þar ræður m.a. lágur tekjur ófaglærðra og lágur bætur almannatrygginga. Þetta er áhyggjuefni, annars vegar þar sem lágur tekjur hafa víðtæk áhrif á sjálfsmat einstaklinga og kemur niður á heilsu þeirra, og aðstandenda þar sem það á við og hins vegar að margir hverjir sem lifa á mörkum þess mögulega láta ekki til sín heyra, eða sækja aðstoð til t.d. félagsþjónustu sveitarfélaga. Þjóðfélagsbreytingar sem fela í sér harðara samfélag og breyttan hegðun gerir einnig að verkum að þeir hópar sem eiga í vandræðum breytast. Meira er um ungt fólk í dag, en áður sem á við verulega fjárhagslega erfiðleika að etja, t.d. sökum neyslu eiturlyfja. Líklegt er að þessi hópur eigi eftir að stækka verulega. Almennt vill Félagsþjónustan taka undir með flutningsmönnum um nauðsyn þess að fólk sem hefur sér til framfærslu tekjur frá skattleysismörkum að lágmarkslaunum greiði ekki skatta eða njóti endurgreiðslna. Félagsþjónustan vill enn fremur leggja sérstaka áherslu á þá ósanngirni sem í því felst að skattleggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Í flestum tilvikum er um mjög lágur fjárhæðir að ræða sem ætlaðar eru til að mæta einstökum útgjaldaliðum, eða til framfærslu í stuttan tíma. Ekki er um launagreiðslur að ræða, heldur neyðaraðstoð.

Virðingarfyllst,


Aðalsteinn Sigfússon,
félagsmálastjóri Kópavogs



Reykjavíkurborg
Félagsþjónustan

Alþingi
Erindi nr. P 128/195
komudagur 20.11.2002
128/

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. nóv. 2002

**Varðar: Beiðni um umsögn varðandi tillögu til þingsályktunar um skattfrelsi
lágtekjufólks.**

Félagsþjónustunni í Reykjavík hefur borist beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 4. nóv. 2002, um umsögn um tillögu til þingsályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks.

Umsögnin fylgir hjálagt, ásamt reglum Félagsþjónustunnar um fjárhagsaðstoð.

Ef óskað er frekari upplýsinga, eru þær góðfúslega veittar.

Virðingarfyllst,

f.h. Félagsþjónustunnar í Reykjavík,

Helga Jóna Benediktsdóttir

Helga Jóna Benediktsdóttir, lögfr.

Umsögn

Félagsþjónustunnar í Reykjavík

um tillögu til þingsályktunar um skattfrelsi lágtækjufólks.

Félagsþjónustan fagnar þeim tillögum er hér koma fram og telur þær nauðsynlegar.

Þörf fyrir úrbætur kemur ljóslega fram í tengslum við veitta fjárhagsaðstoð til einstaklinga. Samkvæmt 12. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 skal *“sveitarfélag sjá um að veita íbúum aðstoð og þjónustu samkvæmt lögum þessum og jafnframt tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum”*. Í 21. gr. laganna er sveitarfélögum gert að setja sérstakar reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar og eru núgildandi reglur Félagsþjónustunnar um fjárhagsaðstoð að stofni til frá árinu 1997. Samkvæmt 11. gr. regnanna getur fjárhagsaðstoð til einstaklings, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, numið kr. 67.000 á mánuði en til hjóna eða sambýlisfólks kr. 120.000 á mánuði. Upphæð fjárhagsaðstoðar er óháð því hvort barn/börn búi á heimilinu, þar sem kostnaði vegna barna skal mætt með öðrum greiðslum, s.s. meðlagi og barnalífeyri.

Ljóst er að lítið má út af bera til að framangreind fjárhæð hrökkvi ekki fyrir framfærslu og er því algengt að sótt sé um styrk vegna sérstakra erfiðleika, en heimild til þess er að finna í 27. gr. reglna um fjárhagsaðstoð, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Slíkir styrkir eru skattskyldir og kemur tekjuskattur þá til greiðslu við álagningu árið eftir. Ljóst er að slík skattgreiðsla, sem oftast kemur fólki á óvart þrátt fyrir leiðbeiningar þar að lútandi, getur skipt sköpum fyrir heimili þar sem fjárhagur er í járnnum.

Viðræður hafa farið fram við embætti ríkiskattstjóra varðandi hugsanlega möguleika varðandi túlkanir á lögum um tekju- og eignaskatt, en ekki hefur tekist að finna lausn á málinu.

Í sumum tilfellum getur verið um töluvert háar upphæðir að ræða sem fólk fær í styrk og getur þá skattbyrðin numið nokkrum hundruðum þúsunda króna. Er málum er þannig háttáð getur augljóslega skapast vítahringur sem erfitt er að komast út úr nema með aukinni aðstoð. Rætt hefur verið um að hækka fjárhæð styrks sem nemur tekjuskattsgreiðslu, en sú aðferð þykir óeðlileg auk þess sem það myndi leggja umtalsverða fjárhagsbyrði aukalega á sveitarfélögin.

Á vegum Félagsþjónustunnar er starfandi samráðshópur fulltrúa þeirra fimm þjónustustaða í Reykjavík, þar sem veitt er þjónusta á vegum stofnunarinnar. Innan hópsins eru rædd þau málefni er brýnust eru varðandi fjárhagsaðstoð og settar eru fram samræmdar túlkanir á reglum um fjárhagsaðstoð. Í starfi hópsins hefur ítrekað verið rædd sú erfiða staða er upp kemur á heimilum sem þegið hafa styrk vegna sérstakra erfiðleika og þurft hafa síðan að greiða tekjuskatt við álagningu árið eftir. Því er ljóst að ekki er hægt að uppfylla skilyrði 27. gr. regnanna um að veittur styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra. Nýlega hefur verið ályktað að fela lögfræðingi stofnunarinnar og framkvæmdastjóra fjármálasviðs að óska á ný eftir viðræðum við embætti ríkiskattstjóra til að kanna hvaða leiðir eru færar í þessu efni.

Því er það talið af hálfu Félagsþjónustunnar að framgreind þingsályktunartillaga um skipun nefndar, sem hafi það verkefni að kanna hvaða leiðir eru færar til að afnema eða lækka verulega tekjuskatt lágtekjufólks og lífeyrisþega sem hafa tekjur undir lágmarkslaunum, sé mjög þörf, þar sem afnám tekjuskatts á lögstu tekjur getur skipt sköpum fyrir afkomu fjölmargra heimila í landinu.

Alþingi
Erindi nr. P 128/194
komudagur 20.11.2002



Hagstofa Íslands

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10 150
Reykjavík

19. nóvember 2002

Varðar: Efnahags- og viðskiptanefnd, 10. mál, bréf nefndasviðs 4. nóvember 2002

Hagstofa Íslands hefur kynnt sér efni þeirrar þingsályktunartillögu sem óskað er umsagnar um. Hagstofan álitur að efni tillögunnar tengist ekki verksviði hennar á beinan hátt og umsögn um tillöguna sé því ekki á færi hennar.

F. h. r.

A handwritten signature in cursive script, appearing to read 'Margrjetur Jónsdóttir'.

Alþingi
Erindi nr. P 128/240
komudagur 21.11.2002

Til nefndasviðs Alþingis

Reykjavík 20. nóvember 2002

Landssambandi eldri borgara hefur frá efnahags og viðskiptanefnd Alþingis borist til umsagnar þingsályktunartillaga á þingskjali 10, 10. mál um skattfrelsi lágtekjufólks.

Á stjórnarfundum sambandsins 7. nóvember s.l. var fjallað um málið. Stjórnin mælir eindregið með að þingsályktunartillaga þessi verði samþykkt, ef ekki er þegar talin fyrirbyggjandi nægjanleg þekking á því hvernig framkvæma megi slíka skattalagabreytingu sem í tillögunni er fjallað um.

Stjórnin leggur áherslu á að ef slík nefnd verði skipuð, þá ljúki hún störfum það tímanlega að umrædd skattalagabreyting geti komið til framkvæmda vegna tekjuársins 2003.

Jafnframt vill stjórn LEB benda á að í viðræðum þeim sem áttu sér stað milli fulltrúa stjórnvalda og Landssambands eldri borgara á þessu hausti, var það ein af aðal tillögum LEB fulltrúa að álagðir skattar vegna tekna sem væru innan við 90 þúsund krónur á mánuði yrðu endurgreiddir og að slík endurgreiðsla dæi síðan út við um 130 þúsund króna tekjur.

Virðingarfyllst
f.h. Landssambands eldri borgara

Benedikt Davíðsson

Nefndasvið Alþingis
b.t. Hildar Njarðvík
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 13.11.2002

Efni: Tillaga til þingsályktunar um skattfrelsi lágtækjufólks.

Við er til umsagnarbeiðni Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 4. nóvember sl., um tillögu til þingsályktunar um skattfrelsi lágtækjufólks, 10. mál.

Sú stefna hefur verið mörkuð í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna að veita ekki umsagnir um þingsályktunartillögur eða frumvörp, nema beiðni um það komi frá menntamálaráðuneytinu. Stjórnin fer því þess á leit að beiðni um umsögn sé beint til ráðuneytisins.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar LÍN



Steingrímur Ari Arason,
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 128/255
komudagur 22.11.2002



MOSFELLSBÆR

Mosfellsbæ 20.11.02


Nefndasvið Alþingis
b.t. Hildar Njarðvík
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

**Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skattfrelsi
lágtekjufólks, 10. mál, sbr. bréf dags. 04.11.2002.**

Fundur var haldinn í félagsmálanefnd Mosfellsbæjar þriðjudaginn 19. nóvember 2002, þar sem beiðni um umsögn frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, tillaga til þingsályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks, 10. mál sbr. bréf dags. 04.11.02, var tekið til umfjöllunar. *Félagsmálanefnd Mosfellsbæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna.*

Virðingarfyllst,
fh. félagsmálanefndar Mosfellsbæjar


Unnur V. Ingólfssdóttir félagsmálastjóri.

Alþingi
Erindi nr. P 128/239
komudagur 21.11.2002

128. löggjafarþing 2002-2003

Þskj. 10 – 10.mál.

Tillaga til þingsályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks.

Reykjavík, 19.nóvember 2002

Það er mat Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna að brýnt sé að útbúa raunhæfa neysluviðmiðun fyrir Ísland. Í neysluviðmiðun er tekið tillit til mismunandi útgjaldamynsturs eftir annars vegar fjölskyldustærð og hins vegar fjölskyldugerð, þar sem viðurkennt er t.d. að útgjöld breytast með aldri og eftir kyni barna.

Slík neysluviðmiðun hefur um margra ára skeið verið notuð í nágrannalöndunum en sama viðmiðið er notað í öllum “kerfum”, jafnt til útreiknings á atvinnleysisbótum sem lifeyrisgreiðslum og í nauðasamningum til dæmis. Breyting á högum hefur því sömu áhrif, tekjulega séð, óháð hvaðan greiðslur eru að koma.

Hér á landi eru hins vegar margs konar viðmið í gangi og ekkert samræmi þar á milli. Það getur, í sumum tilfellum, jafnvel verið hagstæðara að fá greiðslur frá Tryggingastofnun heldur en t.d. frá sveitarfélögum.

Líklegt má teljast að neysluviðmiðun hefði í för með sér hækkun bóta, fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga, námslána og lægstu launa og spurning hvort það sé ekki besta kjarabótin fyrir þá hópa sem lægstar hafa tekjurnar, þegar upp er staðið.

Margrét Westlund, forstöðumaður
Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna
Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík

Alþingi, efnahags- og
viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK


DAGSETNING
Reykjavík 7. nóvember 2002

TILVÍSUN
2002110073

Alþingi
Erindi nr. P 128/36
komudagur 7.11.2002

Með bréfi dags. 4. nóvember 2002 óskar efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um skattfrelsi lágtækjufólks, 10. mál. Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að skipuð verði nefnd til að kanna hvaða leiðir eru færar til að afnema eða lækka verulega tekjur lágtækjufólks og lífeyrisþega sem hafa tekjur undir lágmarkslaunum. Á þessu stigi málsins telur ríkisskattstjóri ekki tilefni til að veita umsögn um málið en vill vekja athygli á því að sértækar reglur sem snúa að tilteknum hópi skattborgara geta verið í andstöðu við almennar skattlagningarreglur og leitt af sér örðugleika í skattfrankvæmd einkum ef sá hópur er ekki skýrt afmarkaður.

Virðingarfyllst



Indriði H. Þorðaksson
ríkisskattstjóri



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Hafnargötu 28 eh. * 710 Seyðisfirði * Sími 472 1690 * Fax 472 1691 * Netfang ssa@ssa.is * www.ssa.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/243
komudagur 22.11.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seyðisfirði 21. nóvember 2002


Efnahags- og viðskiptanefnd:

- 254. mál: Rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar.
- 16. mál: Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri.
- X 10. mál: Skattfrelsi lágtekjufólks.


Lagt fram á stjórnarfundi SSA 19. nóvember 2002.

Umsögn ekki veitt

Virðingarfyllst


Þorvaldur Jóhannsson
frámkvæmdastjóri SSA

Alþingi
Erindi nr. P 128/231
komudagur 21.11.2002



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM
FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 18. nóvember 2002.

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.

**Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks,
10. mál.**

Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 14. nóvember s.l., var tekið fyrir erindi yðar dags. 4. nóv. 2002, þar sem óskað var umsagnar um tillögu þingsályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks, 10. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“Stjórnin tekur ekki afstöðu til þingsályktunarinnar”.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Guðjón Guðmundsson framkv.stj.

Alþingi
Erindi nr. P 128/190
komudagur 20.11.2002



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Við Austurvöll

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 20.11.2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að Alþingi álykti að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd sem hafi það verkefni að kanna hvaða leiðir eru færar til að afnema eða lækka verulega tekjuskatt lágtekjufólks og lífeyrisþega sem hafa tekjur undir lágmarkslaunum. Í því sambandi verði m.a. skoðaðir möguleikar á endurgreiðslu skattsins eða sérstökum frádrætti frá tekjum. Í nefndinni verði m.a. fulltrúar aðila vinnumarkaðarins og samtaka aldraðra og öryrkja.

Í greinargerð með tillögunni er réttilega bent á að endurgreiðsla tekjuskatts til fólks með tekjur undir tilteknum mörkum sé ekki einfalt mál, einkum með tilliti til jaðaráhrifa. Þar er einmitt vikið að kjarna málsins. Endurgreiðsla tekjuskatts eða sérstakir frádrættir tengdir tekjum fela í sér jaðaráhrif sem reynsla undanfarinna áratuga hefur kennt Íslendingum, sem og öðrum þjóðum sem lengst hafa gengið á braut tekjutengingar bóta, að eru skaðleg framtaki og sjálfsbjargarviðleitni. Talað hefur verið um fátæktargildirur í því sambandi. Varðandi umfjöllun um skattleysismörk í greinargerð þá er rétt að haft sé í huga að óvída, ef nokkurs staðar meðal þeirra ríkja sem Íslendingar bera sig saman við, eru skattleysismörk hærri en hér á landi. Undanþágur frá greiðslu tekjuskatts og minnkun stofna til álagningar skatta fela óhjákvæmilega í sér hærri skatthlutföll á þær tekjur sem til skattlagningar koma, ef ekki á að koma til tekjutaps hjá ríkissjóði. Af þessum sökum geta Samtök atvinnulífsins ekki mælt með samþykkt umræddrar þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,

Ari Edwald, framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 128/83
komudagur 18.11.2002

Samtökum gegn fátækt hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks.

Þökkum við traustið og fögnum því að þetta sjálfsagaða réttindamál sé loks á dagskrá Alþingis.

Styðjum við tillögu þessa heilshugar, enda þótt orðalag hennar sé ekki jafn afdráttarlaust og við hefðum viljað, þar eð við viljum að afnuminn verði með öllu tekjuskattur lágtekjufólks og lífeyrisþega sem hafa tekjur undir lágmarkslaunum, og þykir fásinna að 'lækka hann verulega' eins og orðalag tillögunnar gefur kost á.

Teljum við mikinn feng að greinargerðinni sem þingsályktunartillögunni fylgir og fögnum þeim skilningi og innsæi í aðstæður fátækra á Íslandi sem þar kemur fram.

Tökum við undir það sem þar er sagt um fátækleika þess að skattleggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaga við fólk í nauð.

Sömuleiðis viljum við áréttta þann sannleika sem fram kemur um óhagstæðan samanburð á kaupmætti samanlagðs grunnlífeyris og tekjutryggingar annars vegar og kaupmætti lágmarkslauna hins vegar. Sú þróun er bæði ósanngjörn og óþörf.

Öllum er ljóst það, sem minnt er á í niðurlagi greinargerðarinnar, að furðu stór hópur Íslendinga býr við ósæmandi kjör sem ekki samræmast þeim hugmyndum um mannúð og réttindi sem stjórnarskrá lýðveldisins er grundvölluð á.

Sú tillaga til þingsályktunar sem hér er á ferðinni yrði skref í rétta átt út úr þeirri öfugþróun sem orðið hefur umliðin ár í þessum efnun.

Virðingarfyllt
Fyrir hönd samtaka gegn fátækt

13.11.2002

Sigrún Ármanns Reynisdóttir





Alþingi
Erindi nr. P 128/68
komudagur 15.11.2002

SJÁLFSBJÖRG
LANDSSAMBAND
FATLAÐRA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Reykjavík 13. nóvember 2002

Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um skattfrelsi lágtækjufólks, þskj. 10 - 10. mál. Framkvæmdastjórn sambandsins fól kjaramálanefnd þess að gefa umsögn um tillöguna og er hún svohljóðandi:

Kjaramálanefnd Sjálfsbjargar, lsf. fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um skattfrelsi lágtækjufólks og tekur heilshugar undir hana.

F.h. Sjálfsbjargar,
landssambands fatlaðra,

Herdís Ingvadóttir
formaður kjaramálanefndar



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Alþingi
Erindi nr. P 128/289
komudagur 27.11.2002

Reykjavík 25. nóvember 2002.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks,
10. mál.**

Sjómannasamband Íslands telur sjálfsagt og eðlilegt að fjármálaráðherra verði falið að skipa nefnd til að kanna leiðir til að afnema eða lækka tekjuskatta lágtekjufólks og lífeyrisþega. Sambandið styður því þingsályktunartillöguna.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson

Selfossi 22. nóvember 2002

Tilvísun: 2002110017HH/--

Alþingi - nefndasvið
Hildur Njarðvík, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Tillaga til þingsályktunar

Á fundi bæjarráðs Árborgar fimmtudaginn 21. nóvember 2002 var tekin fyrir erindi frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, dags. 4. nóv.2002, varðandi umsögn um tillögu til þingsályktunar um skattfrelsi lágtækjufólks.


Eftirfarandi bókun samþykkt:

"Bæjarráð Árborgar tekur ekki afstöðu til tillögunnar "

Framangreind afgreiðsla tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst

Bæjarritarinn í Árborg



Helgi Helgason
bæjarritari

Alþingi
Erindi nr. P 128/511
komudagur 4.11.2002



TRYGGINGASTOFNUN
RÍKISINS

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. desember 2002

RMG/ÁPS/KSG/101/02


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar, 10. máí, um skattfreisi lágaunafólks

Óskað hefur verið umsagnar Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreinda tillögu.

Tryggingastofnun telur almennt að verkefni sem lúta að því að skoða úrræði til að bæta hag þeirra verst stöddu í þjóðfélaginu brýn.

Stofnunin tekur hins vegar ekki sérstaka afstöðu til þeirrar leiðar sem hér er lögð til en lýsir sig reiðubúna til að veita allar þær upplýsingar sem tök eru á, verði eftir þeim leitað.

Virðingarfyllt



Karl Steinar Guðnason